

AUGLÝSING

um listabókstafi stjórnmalasamtaka.

Við alþingiskosningar 20. apríl 1991 buðu eftirtalin stjórnmalasamtök fram lista og voru listarnir merktir sem hér segir:

- A Alþýðuflokkur - Jafnaðarmannaflokkur Íslands
- B Framsóknarflokkur
- D Sjálfstæðisflokkur
- E Verkamannaflokkur Íslands
- F Frjálslyndir
- G Alþýðubandalag
- H Heimastjórnarsamtökin
- T Samtök öfgasinnaðra jafnaðarmanna
- V Samtök um kvennalista
- Z Grænt framboð
- Þ Þjóðarflokkur - Flokkur mannsins

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 40. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 3. febrúar 1995.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

3. febrúar 1995

Nr. 101

GJALDSKRÁ

um fráveitugjald á Dalvík.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Dalvíkur sem liggja við vegi, götur eða opin svæði, þar sem holræsalagnir fráveitu bæjarins liggja, þar með taldar rotþrær sem Dalvíkur-bær tekur þátt í að byggja, skal greiða árlegt fráveitugjald og skal því m.a. varið til að standa straum af kostnaði við fráveitu bæjarins.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa. Upphæð fráveitugjaldsins skal vera 0,15% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða og 0,36% af fasteignamati atvinnuhúsnæðis og lóða skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Bæjarstjórn er heimilt fyrir eitt ár í senn að hækka eða lækka fráveitugjaldið um allt að 50% án staðfestingar ráðuneytis.

3. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu fráveitugjalds hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu gjalds samkvæmt gjaldskrá þessari. Fráveitugjald má innheimta með lögtaki og er það tryggt með lögveðsrétti í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 3. febrúar 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

**um breyting á viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Skv. lögum um vörugjald, nr. 97/1987, með síðari breytingum, skal greiða 11% vörugjald af samása köplum og öðrum samása leiðurum sem flokkast undir tollskrárnúmerið 8544.2000 í viðauka I við tollalög, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Með auglýsingu nr. 146/1994, um breyting á viðauka I við tollalög, 29. desember 1994, var tollskrárnúmeri þessu skipt í tvö númer, 8544.2001 og 8544.2009. Slík skipting hefur eigi áhrif á gjaldskyldu.

Til að samræmis gæti í skattlagningu við aðra hluta til veiðarfæra skulu hér með undanþegnar vörugjaldi vörur sem falla undir tollskrárnúmerið 8544.2001, höfuðlínukaplar með slitþoli sem er að lágmarki 60 kN, enda séu þeir styrktir og varðir með þéttum lögum úr stálvírum.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, sbr. 7. gr. sömu laga, öðlast gildi þegar í stað og tekur, hvað innfluting varðar, til allra ótollafgreiddra vara.

Fjármálaráðuneytið, 10. febrúar 1995.

F. h. r.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir.